**SORPA**
**annars vegar**
**og**
**Efling – stéttarfélag og Verkalýðsfélagið Hlífar**
**hins vegar**
**gera með sér svofellt**

# SAMKOMULAG

## um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

### 1. gr.
### Gildistími

Aðilar eru sammála um að gildandi kjarasamningur aðila ásamt bókunum og fylgiskjölum framlengist og taki sömu hækkunum og kjarasamningur Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar dagsettur 1. apríl 2023 með gildistöku frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024, gildi fyrir félagsmenn Eflingar og Hlífar hjá SORPU bs. með þeim viðaukum sem að neðan greinir.

### 2. gr.
### Þrifaeiningar, stöðvar- og víraálag

Aðilar eru sammála um að þrifaeiningar, stöðvarálag og víraálag hækki um 15%

### 4. gr.
### Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt fylgiskjölum, bókunum, verkáætlun og viðauka, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 26. maí 2023 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá SORPU.

Reykjavík, 12. maí 2023

f.h. SORPU,

f.h. Eflingar – stéttarfélags og VLF. Hlífar,
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

# Verkáætlun

**með samkomulagi dags. 12. maí 2023**
**milli Reykjavíkurborgar**
**annars vegar**
**og**
**Eflingar – stéttarfélags**
**hins vegar**

## Verkáætlun

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur | Lýsing |
|---|---|---|---|
| Sérákvæði í móttöku- og flokkunarstöð, endurvinnslustöðvum, GAJA og á urðunarstað | 1. júní 2023 | 1. janúar 2024 | Aðilar eru sammála um að taka til umræðu sérákvæði hverrar starfseiningar |
| Stöðvarálag, víraálag og þrifaeiningar | 1. júní 2023 | 1. janúar 2024 | Aðilar eru sammála um að taka til umræðu og fara yfir forsendur á álögum sem greidd eru. |

Þann 1. janúar 2024 skulu áherslur samningsaðila liggja fyrir. Eigi síðar en 15. febrúar skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.